

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 474/2007 um vernd skipa og hafnaraðstöðu,  
með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, c-liður, er orðast svo:

- c. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2009/83 frá 23. janúar 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 að því er varðar kerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir einkvæm auðkennisnúmer fyrirtækja og skráðra eigenda, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2009 frá 3. júlí 2009, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 22. október 2009, bls. 13.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 50/2004 um siglingavernd og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 2. júlí 2013.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2013